



Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs.

Starfsreglur sjóðsins

Þróunarsjóður skóla- og frísundasviðs Akraneskaupstaðar

1. gr.

Tilgangur með Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar er að styðja við þróunar- og nýsköpunarstarf á sviði skóla- og frístunda á vegum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að starfsemin verði í sífelldri þróun í takt við breytingar í umhverfi og samfélagi. Skóla- og frístundasviði tilheyra sérfræðiþjónusta skóla, leikskólar, grunnskólar, Tónlistarskólinn á Akranesi, frístundamiðstöðin Þorpið og íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar. Skólar, frjáls félagasamtök og aðrir aðilar geta verið samstarfsaðilar í þróunarverkefnunum.

2. gr.

Markmiðið er að verkefnin styðji við og stuðli að fagmennsku starfsfólks, auknum gæðum í skóla- og frístundastarfí, umbótum og nýbreytni.

Verkefnin geta verið á vegum einnar stofnunar, samstarfsverkefni á milli stofnana á skóla- og frístundasviði eða samstarfsverkefni milli stofnana sviðsins og annarra aðila.

3. gr.

Úthlutað er úr Þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs tvisvar á ári, í febrúar og september. Skóla- og frístundaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir umsóknir og metur þær. Í úthlutunarnefnd sitja bæjarstjóri, formaður skóla- og frístundaráðs og sviðsstjóri skóla-og frístundasviðs. Nefndin gerir tillögu til skóla- og frístundaráðs um úthlutun. Umsækjandi getur aðeins sótt um styrk einu sinni á ári í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs.



4. gr.

Í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar eru árleg framlög í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs ákveðin.

Greiðslur úr sjóðnum skulu vera þannig að 60% greiðist við undirritun samnings og 40% við lok verkefnisins og skil á skýrslu.

5. gr.

Auglýst er eftir umsóknum í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs með tölvupósti til starfsmanna skóla- og frístunda fyrir 1. júní og 1. janúar ár hvert. Umsóknir í Þróunarsjóð skóla- og frístundasviðs skulu berast fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert. Umsækjendur skulu fylla út sérstakt umsóknareyðublað. Aðeins er hægt að sækja um styrk fyrir verkefni ef skólastjóri eða yfirmaður stofnunar samþykkir umsókn.

6. gr.

Úthlutunarnefnd metur umsóknir með hliðsjón af eftirfarandi:

- Markmiðum verkefnisins
- Verk- og tímaáætlun
- Hvernig unnið verður að mati á framvindu verkefnisins og árangri þess

Úthlutunarnefnd er heimilt að leita álits eða umsagnar annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á.

7. gr.

Skóla- og frístundasvið gerir samning við hvern styrkþega um verkefnið. Eigi síðar en tveim mánuðum eftir lok verkefnisins skilar ábyrgðarmaður umsóknar greinargerð þar sem framvindu verkefnisins er lýst. Hver styrkþegi kynnir verkefni sitt fyrir skóla- og frístundaráði að því loknu og öðrum samstarfsmönnum á skóla- og frístundasviði að því loknu.

Reglurnar samþykktar á fundi skóla- og frístundaráðs 3. febrúar 2015.

Helga Gunnarsdóttir

Helga Gunnarsdóttir, sviðsstjóri